

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstaréttarritari.

XII. árgangur.

1931.

Miðvikudaginn 7. jan. 1931.

Nr. 20/1930. H/f. Alliance o. fl. (Bjarni P. Johnson)

gegn

Industri og Handelsunionen, Köbenhavn og gagnsök (Theódór Lindal).

Bætur fyrir vanefndir á samningi.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 15. febr. 1930: Stefndir, h/f. „Alliance“, h/f. Sleipnir“, Fiskiveiðahlutafélagið „Ísland“ og firmað H. P. „Duus“, greiði allir fyrir einn og einn fyrir alla stefnandanum, firmanu Industri- og Handelsunionen í Kaupmannahöfn, d.kr. 9133.34 með 6% ársvöxtum frá 27. maí 1929 til greiðsludags og kr. 450.00 í málskostnað innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstaréttar af hálfu beggja aðilja.

Krefjast aðaláfrýjendurnir, h/f Alliance, h/f Sleipnir, fiskiveiðahlutafélagið Ísland og firmað H. P. Duus, þess, að þeir verði sýknaðir af greiðslu þeirra 9133 kr. 34 a. auk vaxta og málskostnaðar, er þeim var gert að greiða í undirrétti, en þessi krafa þeirra verður eigi tekin til greina af ástæðum þeim, er teknar eru fram í hinum áfrýjaða gestaréttardómi.

Gagnáfrýjandi, h/f. Industri og Handelsunionen, Köbenhavn, hefir hinsvegar krafizt þess, að aðaláfrýjendurnir verði, auk áðurnefndra d. kr. 9133,34, dæmdir til að greiða vexti af umsömdum mánaðargreiðslum til 31. dez. 1928, d. kr. 247,50 og d. kr. 15000 sem bætur fyrir sölulaun, er hann hafði orðið af vegna samningsrofanna af hálfu aðaláfrýjenda, eða samtals d. kr. 24,380,84, með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1929 til greiðsludags.

Með því að ekki er heimild til að dæma aðaláfrýjendur gegn mótmælum þeirra, til að greiða vexti af nefndum mánaðargreiðslum, fyrr en frá stefnudegi, verður hinn fyrri kröfuliður kr. 247,50 eigi tekinn til greina.

Hvað síðari kröfuliðinn snertir, er það að vísu ákveðið í samningi aðilja 14. sept. 1927, að gagnáfrýjandi skuli fá 3% í sölulaun af andvirði þess fiskjar, er seldur yrði til landa þeirra, er ræðir um í samningnum, en með þessu ákvæði höfðu aðaláfrýjendur eigi skuldbundið sig til að selja fisk þangað, og hlaut þetta að sjálfsögðu að vera undir því komið, að gagnáfrýjanda gæti tekizt að afla þar aðgengilegra sölukjara, en þegar í bréfi h/f Sleipnir, dags. 16. jan. 1928, er það tekið fram, að markaðshorfur væru ekki slíkar, eftir framkomnum upplýsingum, að þeir sæu sér fært að senda saltfisk þangað til sölu, og hefir gagnáfrýjandi ekki fært líkur fyrir því, að hann hefði getað útvegað viðunandi markað fyrir íslenzkan saltfisk á þeim tíma, er hér ræðir um, þótt sölutilraunum hefði verið haldið áfram.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skirskotun til héraðlútandi ástæðna í hinum áfrýjaða

dómi, verður þessi kröfuliður eigi heldur tekinn til greina.

Með því að einnig má fallast á málskostnaðar-ákvæði gestaréttardómsins, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að málskostnaður í hæstarétti bæði í aðalsök og gagnsök falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða gestaréttardómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir hæstarétti bæði í aðalsök og gagnsök fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir samkomulagi málsaðilja höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu, útgefinni 27. maí 1929, af firmanu Industri og Handelsunionen A/S. í Kaupmannahöfn, gegn h/fj. „Alliance“, h.fj. „Sleipnir“, Fiskiveiðahlutafélaginu „Ísland“ og firmanu H. P. Duus, öllum hér í bænum, til greiðslu á dönskum krónum 24380,84 auk vaxta og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að með samningi, dagsettum 14. sept. 1927, tókst stefnandi á hendur aðalumboð um fisk-sölu fyrir hin stefndu félög í löndunum: Peru, Venezuela, Columbia og Bolívia í Suður-Ameríku. Skyldu útsendir söluumboðsmenn stefnanda í þessum löndum starfa sem aðalumboðsmenn stefndra að því, er snerti sölu islenzks saltfiskjar og jafnframt skyldi setja sérstaka sölumenn til þess að vinna að fiskisölu á þessum slóðum. Upp í tilkostnað stefnanda við þetta skuldbundu hin stefndu félög sig til þess að greiða d. kr. 900,00 á mánuði og skiptu þau greiðslunni þannig með sér, að h/fj. „Alliance“ skyldi greiða d. kr. 400,00 á mánuði, h/fj. „Sleipnir“ d. kr. 200,00, firmað H. P. Duus d. kr. 100,00 og Fiskiveiðahlutafélagið „Ísland“ d. kr. 200,00. Auk þess var svo um samið, að

stefnandi skyldi fá 3% af andvirði þess saltfiskjar sem seldur yrði til ofangreindra landa og fengist greiddur. Jafnframt því að hafa á hendi umboðssölu fyrir stefndu, skyldi stefnandi eftir nánara samkomulagi við þá og á þeirra kostnað kaupa fisksýnishorn í þessum löndum og senda hingað, svo og afla upplýsinga um það, hvernig fiskurinn væri verkaður og hvernig um hann væri búið o. s. frv. Samningur þessi var upphaflega gerður til eins árs, en síðan mátti segja honum upp með tveggja mánaða fyrirvara og var svo ákveðið, að h/fj. „Sleipnir“ skyldi annast bréfaviðskipti við stefnanda út af honum. Áttu nú aðiljarnir bréfaviðskipti saman um hrið, en með bréfi, dags. 16. jan. 1928, lýsa stefndir því yfir við stefnanda, að þeir telji sig leysta frá samningnum frá 1. febr. 1928 og neita að greiða mánaðargjöldin framvegis. Höfðu þeir þá greitt mánaðargjald fyrir tvo fyrstu mánuði samningstímans (dez. 1927 og janúar 1928) eða samtals d. kr. 1800,00. Slitu þeir síðan öllu sambandi við stefnanda og svöruðu einusinni ekki bréfum hans.

Stefnandi telur þetta framferði stefndra algerlega óréttmætt og eigi þeir því að bæta að fullu það tjón, er hann hafi beðið vegna þessara vanefnda þeirra á samningnum. Upphæð tjónsins reiknar stefnandi fyrst og fremst vangreidd mánaðargjöld samkvæmt samningnum í tíu mánuði eða d. kr. 9000,00 ásamt vöxtum af hverri greiðslu frá síðasta degi þess mánaðar, sem greiðslan er fyrir, og nema þeir til 31. dezember 1928 d. kr. 247,50. Þá telur stefnandi sig eiga hjá stefndum d. kr. 133,34 fyrir sýnishorn, er þeim hafi verið send, og loks sé ekki of hátt áætlað, að hann hefði getað selt fisk fyrir d. kr. 500,000 á samningstímanum og nemi þá umboðslaunin 3% af þeirri upphæð eða d. kr. 15,000. Telur stefnandi þannig tjónið nema samtals d. kr. 24.380,84, og hefir hann gert þær réttarkröfur í málinu eins og að framan greinir; að stefndir verði in solidum dæmdir til þess að greiða þá upphæð með 6% ársvöxtum af d. kr. 9380,84 frá 1. jan. 1929 til stefnudags og af allri upphæðinni frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað eftir taxa málaflutningsmannafélags Íslands með kr. 1072,50.

Stefndir hafa mótmælt öllum kröfum stefnanda og krafizt sýknu af þeim og hæfilegs málskostnaðar hjá hon-

um eftir mati réttarins. Byggja stefndir sýknukröfuna á því, að stefnandi hafi alls ekki staðið við samninginn af sinni hálfu og hafi þeir því haft fulla ástæðu til þess að rifta honum og geti því ekki verið um að ræða, að þeir séu skaðabótaskyldir gagnvart stefnanda fyrir vanefndir. Aðalrífunarástæðurnar telja stefndir þær:

- 1° að stefnandi hafi hafizt handa eftir samningnum síðar en vera átti,
- 2° að stefnandi hafi ekki sent tafarlaust sýnishorn af saltfiski frá Suður-Ameríku, þrátt fyrir skýlaus ákvæði samningsins, og
- 3° að umboðsmenn stefnanda í Suður-Ameríku hafi ekki verið því vaxnir að standa fyrir saltfisksölu þar, vegna þekkingarleysis á því sviði, auk þess sem engin aðal-umboð hafi verið sett þar á stofn, eða útsölumenn skipaðir eins og áskilið hafði verið.

Þá hafa stefndir mótmælt sérstaklega kröfulið stefnanda um d. kr. 133,34 fyrir sýnishorn, á þeim grundvelli, að þau hafi aldrei til þeirra komið, og enn fremur kröfu hans um umboðslaun sem alrangri og staðlausri.

Stefnandi hefir nú mótmælt sérstaklega hverri einstakri varnarástæðu stefndra og haldið fast við kröfur sínar í málinu.

Um 1. Eins og áður greinir var samningur sá, sem mál þetta er risið af, gerður 14. sept. 1927. Litlu síðar fór maður sá, sem samdi við stefnda fyrir hönd stefnanda til Kaupmannahafnar, og að því er virðist, sendir stefnandi þegar, er umboðsmaðurinn kemur þangað eða 27. sept., símskeyti til Suður-Ameríku, sem hann staðfestir með bréfum sama dag, þar sem hann felur umboðsmönnum sínum í Venezuela og Peru að útvega þegar í stað og senda hingað sýnishorn af saltfiski svo og útvega allar mögulegar upplýsingar viðvikjandi saltfisksölu í þessum og nærliggjandi löndum. Í bréfi til stefndra, dagsett þennan sama dag, tilkynnir stefnandi þeim þessa ráðstöfun sína og þar verður ekki séð, að stefndir hafi nokkru sinni fyrr heldur en í máli þessu kvartað yfir því við stefnanda, að hann hafi brugðið of seint við. Þvert á móti lýsa þeir í bréfi til stefnanda, dags. 14. okt. 1927, yfir ánægju sinni yfir því, hve fljótt hann hafi gert ráðstafanir til þess að útvega upplýsingar, viðvikjandi saltfisksölunni, enda lít-

ur rétturinn svo á, að ekki verði til þess ætlað af honum, að hann hæfist handa fyrir en gert var. Verður rétturinn því að fallast á það hjá stefnanda, að þessi riftunar-ástaða stefndra hafi ekki við rök að styðjast.

Um 2. Í svarbréfi frá umboðsmönnum stefnanda í Suður-Ameríku við fyrrgreindum bréfum hans frá 27. sept., leggja þeir báðir til, að sýnishorn séu fengin hér frá nálægum löndum, er flytji fisk til Sður-Ameríku, og benda sérstaklega á Noreg, og byggja þá tillögu á því, að miklu ódýrara sé að fá sýnishorn þaðan auk þess sem hætt sé við, að sýnishornin væru farin að skemmast, ef þau væru fyrst send til Suður-Ameríku og svo endursend hingað upp, enda virðist það augljóst, og ekki getur það hafa verið neitt höfuðatriði, að sýnishornin væru keypt þar. Þó ráð sé fyrir því gert í samningnum, heldur hitt, að sýnishornin fengjust af fiski verkuðum og pökkuðum fyrir Suður-Ameríku markað og þá þeim fiski, sem best seldist. Með bréfi til stefndra, dags. 22. okt. 1927, lét stefnandi fylgja eftirrit af bréfi umboðsmanns síns í Venezuela og býðst til þess að útvega stefndum sýnishorn frá Noregi. Því bréfi svara stefndir 17. nóv. 1927 á þá leið, að þeir þakki upplýsingarnar og geta þess, að þeir hafi þegar sjálfir pantað sýnishorn bæði frá Noregi og Þýskalandi. En nú virðist svo sem stefndir hafi ekki fengið sýnishornin frá þessum löndum, því að með simskeyti 21. dez. 1927 krefjast þeir, að stefnandi útvegi þau frá Suður-Ameríku eins og tilskilið sé í samningnum. Gerði hann þegar ráðstafanir til þess, að framkvæmdarstjóri firmans, sem um þetta leyti var í þann veginn að fara til Suður-Ameríku, útvegaði sýnishornin þar og eftir því, sem fyrir liggur, verður það að teljast nægilega upplýst, að þau hafi komið hingað til landsins með e/s „Brúarfoss“, er fór frá Kaupmannahöfn 11. apríl 1928.

Rétturinn verður nú að fallast á það hjá stefnanda, að honum verði ekki sök á því gefin, að sýnishornin komu ekki til stefndra fyrr en raun varð á, því að honum var rétt að líta svo á eftir að hann fékk áðurgreint bréf stefndra frá 17. nóv. 1927, að þeir ætluðu sjálfir að útvega þau, og hann þyrfti því ekki að svo stöddu að gera frekari ráðstafanir í því efni, og að sjálfsögðu hlaut það að taka alllangan tíma fyrir stefnanda frá því, er hann fékk

umrælt símskeyti frá stefndum um útvegum sýnishornanna, að afla þeirra frá Suður-Ameríku.

Um 3. Þá staðhæfingu sína, að umboðsmenn stefnanda í Suður-Ameríku hafi ekki verið starfi sínu vaxnir, byggja stefndir á því, að upplýsingar þær, sem þeir hafi útvegað, viðvikjandi saltfisksölu þar hafi eingöngu verið aukaatriði og því mjög lítils virði fyrir þá. Í málinu hafa nú verið lögð fram bréf og útdráttir úr bréfum til stefnanda frá umboðsmönnum hans í Peru og Venezuela. Í bréfum þessum eru margvíslegar upplýsingar, sem allar hafa verið gerðar stefndum kunnar, um saltfiskmarkað í þessum og nálægum löndum, svo sem um hve mikið er flutt inn, af saltfiski í þessi lönd, hvaðan hann komi helzt, útsöluverð hans, hver fiskstærð sé heppilegust, hvernig fiskurinn sé pakkaður, hvenær ársins, salan sé mest o. fl. Verður ekki fallið á það hjá stefndum, að af þesum upplýsingum sé hægt að draga þá ályktun að umboðsmennirnir hafi verið óhæfir til starfs síns.

Þá verður ekki litið svo á, að ætlast verði til þess af stefnanda, að hann væri búinn að koma í verk að stofna aðalumboð og skipa sölumenn samkvæmt samningnum, er stefndir sögðu honum slitið, enda virðist það að nokkru leyti stefndra sök að svo var ekki, þar sem það er upplýst, að þeir létu ekki stefnanda, þrátt fyrir tilmæli hans, í té umboð handa framkvæmdarstjóra firmans, er fór til Suður-Ameríku, til þess að stofna til sambands þar fyrir þeirra hönd.

Samkvæmt framansögðu lítur rétturinn svo á, að riftunarástæður stefndra hafi ekki verið réttmætar og eru þeir þá bundnir við samninginn eftir skýrum ákvæðum hans þann stytta tíma, sem upphaflega var ákveðinn, eða í eitt ár, og ber þegar af þeirri ástæðu að dæma þá til að greiða umsamið endurgjald fyrir þann hluta samningstímans, (10 mánuði), er ógreitt er fyrir eða d. kr. 9000,00.

Þá ber og að taka kröfu stefnanda, um d. kr. 133,34 fyrir sýnishorn, til greina, þar sem eins og áður greinir, það verður að teljast nægilega upplýst, að stefnandi hafi útvegað sýnishornin og sent þau hingað á sinn kostnað eftir kröfu stefndra og honum verður því að teljast óviðkomandi, þó þeir hafi ekki veitt þeim viðtöku er hingað kom.

Hinsvegar litur rétturinn svo á að mjög ósennilegt sé, að nokkur veruleg sala á islenzkum saltfiski hefði átt sér stað til umræddra landa á samningstímanum, þar sem hann var þar algerlega nýr á markaðinum og alkunnugt er, að alllangan tíma tekur að vinna markað fyrir nýja vöru. Stefnandi hefir heldur ekki upplýst, að nokkrar fiskpantanir hafi verið gerðar hjá stefndum fyrir milligöngu hans úr þessum löndum eða á annan hátt rökstutt verulega, gegn mótmælum stefndra, kröfu sína um d. kr. 15000,00 í skaðabætur fyrir misst umboðslaun vegna samningsrofa stefndra, og þykir því rétt að sýkna þá af þessum lið dómkröfunnar.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndir verði dæmdir til þess að greiða stefnanda d. kr. 9000,00 og d. kr. 133,34 = d. kr. 9133,34, en með vöxtum aðeins frá stefnudegi, þar sem vöxtunum hefir verið mótmælt sérstaklega og ekki var tiltekið í samningnum, að mánaðargjöldin hafi átt að greiðast í lok hvers mánaðar, og kemur þá kröfuliður stefnanda um d. kr. 247,50 ekki til greina.

Eftir þessum úrslitum þykir hæfilegt, að stefndir greiði stefnandanum kr. 450,00 í málskostnað.

Vegna margvíslegra anna dómarans hefir dómur eigi orðið kveðinn upp í máli þessu fyrr en nú.

Föstudaginn 9. jan. 1931.

Nr. 93/1930. Valdstjórnin (Guðm. Ólafsson).

gegn

Óskari Þórðarsyni (Sveinbjörn Jónsson)

Áfengisлага og bifreiðarlagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 17. sept. 1930: Kærður, Óskar Þórðarson, greiði 150 króna sekt í rikissjóð, og komi 12 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Svo skal hann og æfilangt sviftur leyfi til að stýra bifreið. Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.